

Hafnarfirði, 1. nóvember 2023

Umsögn vegna færslu á Hamraneslínu 1 og 2, breyting á aðalskipulagi.

Breytingin felst í breytttri legu Hamraneslínu 1 og 2 frá strengendavirki við Kaldárselsveg að tengivirki í Hamranesi. Þessi nýja lega fellur betur að landi hvað varðar skógræktarsvæði og eins er hægt að nota núverandi vegslóða til að koma línunni í jörð.

Jarðvegsrask verður því lágmarkað eins og kostur er.

Á þessum kafla verða þær í jörðu. Möstur línunnar, sem nú er loftlína, verða teknar niður samhliða. Athugasemdarfrestur var til 25. október 2023.

8 athugasemdir bárust frá sveitarfélögum og stofnunum.

1. Kópavogsbær dags. 20. september 2023.

Engin athugasemd gerð

2. Umhverfisstofnun 21. september 2023.

Ábending Umhverfisstofnunar snýst að því að vernda og forðast röskun á nútímahrauni nema brýna nauðsyn beri til og að mati stofnunarinnar mun skipulagstillagan valda óafturkræfu raski á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar. Gera skal grein fyrir mótvægisáðgerðum og endurheimt náttúruverðmæta.

3. Skipulagsstofnun dags. 12. október 2021

Stofnunin bendir á að skv. skipulagslögum ber bæjarstjórn að senda tillöguna til athugunar Skipulagsstofnunar áður en hún er auglýst eins og skipulagslögin gera ráð fyrir. Skipulagsstofnun mælir hins vegar með óbreytta málsmeðferð.

4. Náttúrufræðistofnun Íslands dags 18. október 2023

Bent er að rask verður á nútímahrauni, en það er á stuttum kafla og aðrir möguleikar ekki í boði. Lítil hætta er á framkvæmdin hafi áhrif á gróðurlendi með verndargildi. Blátoppa, sem er á válista æðplantna gæti mögulega finnast á svæðinu og þá gætu sjaldgæfar burkategundir fundist í hraungjótum og sunnan við Hamranes.

5 . Byggðasafn Hafnarfjarðar dags. 19. október 2023

Byggðasafn Hafnarfjarðar vekur athygli að í legunni er ein fornleif og fleiri í nágrenni þessi. Ef nauðsynleg þykir að spilla fornleifum þarf Minjastofnun að koma að því máli. Á meðan á framkvæmdum stendur verður að gæta þess að í nágrenni strengjaleiðarinnar eru fleiri fornleifar sem þarf að taka tillit til. Sjá kort. Þessar fornleifar eru friðaðar og hafa 15 metra friðhelgunarsvæði. Byggðasafnið minnir á ef áður ókunnar fornleifar finnast við framkvæmdirnar skal Minjastofnun látin vita.

Eltnig er mint á að allar fornleifar í landi bæjarins eru hluti af heildstæðu menningarlandslagi fyrri tíma og mikilvægt er að varðveita hverja fornleif sem og heildarmyndina.



6 . Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar dags. 25. október 2025.

Heilbrigðiseftirlitið tekur jákvætt í legan sé færð í núverandi vegslóða. Þá tekur eftirlitið undir þá skoðun að varlega verði farið þegar farið verður yfir nútímahraun og passað uppá hraunhella sem eru á svæðinu.

7 . Vegagerðin dags. 25.október 2023

Bendir á að skv. vegalögum er veghelgunarsvæði 15 metra breitt hvorrar handar frá miðlínu annara þjóðvega en stofnvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi frá vegagerðinni.

8. Garðabær dags. 25.október 2023

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir bókun skipulagsnefnar en sú nefnd bendir á að æskilegt væri að fram kæmi á uppdrætti staðsetning strengendavirkis og bendir á ósamræmi milli texta og uppdráttar eftir breytingu þar sem að háspennulínan er sýnd í jörð frá strengendavirki að bæjarmörkum við Garðabæ.

Það er hvorki í samræmi við aðalskipulag Garðabæjar sem sýnir loftlínu né niðurstöðu samtals sem Garðabær átti við Landsnet.

Umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs

Allar innkomnar ábendingar eru góðar og gildar en að mati sviðsins kalla þær ekki á breytingar á auglýstu skipulagi.

Í breytingartillögunni voru nokkrar leiðir skoðaðar og bornar saman og var niðurstaðan sú að auglýst tillaga muni hafa minnst áhrif á skógræktarsvæði, nútímahraun og fornminjar. Hún mun einnig vera minnst sýnileg í landi þar sem hún liggur uppá hrygg og tengist í núverandi vegslóða. Skógræktarsvæði framtíðarinnar mun hindra að miklu leiti ásýndina.

Það eru mörg rök sem mæla með þessari legu og skal fyrst og síðast nefna að færa rafmagnslínur úr lofti og í jörð. Sú framkvæmd telst vera mjög jákvæð þegar horft er á framtíðaruppbyggingu íbúðasvæða í Hafnarfirði.

Það virðist vera misskilningur í gangi, að línan fari í jörðu yfir Gráhelluhraun og tengist inní Garðabæ, breytingin sem nú er til umræðu, snýst fyrst og síðast frá strengendavirki við Kaldárselsveg að Hamranes spennivirkinu.

Hún er enn í lofti yfir Gráhelluhraunið þrátt fyrir að í núgildandi aðalskipulagi Hafnarfjarðar sé hún sýnd sem jarðstrengur og þar er engin breyting gerð á, hvorki skipulagslega- né framkvæmdalega séð. Það er stefna sveitarfélagsins að línan fari á endanum í jörðu og því er hún sýnd sem jarðstrengur. Ljóst er að áður en það gerist þarf samráð við Landsnet og Garðabæ.

Að staðsetja strengendamastur á aðalskipulagsuppdrætti er orðin of mikil nákvæmni að teikna einstaka möstur inná uppdrátt.

Til að tryggja að verkið verði sé best úr garði gert þarf að setja inn kröfur við útgáfu framkvæmdaleyfis, t.d. þarf að kalla eftir frágangsáætlun, þar sem sýnt er fram á hvernig frágangi skuli háttað við sjálfa framkvæmdina og við lok verksins. Einnig verður gerð sú krafa að merkja inn allar friðaðar fornleifar með friðhelgunarsvæði til að átta sig betur á staðsetningu þeirra.

Einnig þarf að tryggja með vettvangsskoðun að ekki sé verið að raska náttúruminum eins og hellum eða hellegum hraunmyndunum og hæla leguna í landið. Það mun verða sett inn í framkvæmdaleyfið að veghelgunarsvæði vegagerðarinnar sé 15 metrar frá miðlínu og séu framkvæmdir háðar leyfi frá þeirri stofnun.



Skipulagsstofnun er beðin velvirðingar á því að tillagan var ekki send til Skipulagsstofnunar til athugunar fyrir auglýsingu.

Berglind Guðmundsdóttir

Landslagsarkitekt FÍLA

Umhverfis- og skipulagssvið

Norðurhella 2